

Fundur myndlistarráðs
Miðvikudagur 25. ágúst kl.8:30

Fundur nr. 23/2021

Gimli, Lækjargata 3
101 Reykjavík.

Mættir á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður KÍM (erlendis) og Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri KÍM.

Dagskrá:

Fundur settur kl. 8:40

1. Úthlutun og fjármál

Fjármálaáætlun fyrir seinni úthlutun 2021 staðfest.

Ákveðið var að hafa ekki úthlutun á viðurkenningarskjölum eins og áður, fremur að vekja athygli á völdum verkefnum við hátíðlega athöfn íslensku myndlistarverðlaunanna þegar litið er yfir árið.

Alls voru það 165 umsóknir sem bárust myndlistarsjóð að þessu sinni sem er nánast sami fjöldi og í seinni úthlutun árið á undan. Þær skiptast eftirfarandi:

Í flokki útgáfu-, rannsókn- og aðrir styrkir bárust 40 umsóknir, í flokki undirbúningsstyrkja bárust 24 umsóknir en langflestar umsóknir bárust í sýningarverkefni eða 101 umsókn. Mjög svipaðar tölur og í fyrra. Samtals var sótt um fyrir 145.534.394 kr. og úthlutað verður 42.400.000 kr.

2. Skipun matsnefnda vegna seinni úthlutunar 2021. Fulltrúar úr ráði eru: Hlynur Helgason og Guðrún Erla Geirsdóttir.

Skiptun umsókna á matsefndir verður eftirfarandi:

Hlynur Helgason verður í styrkflokki sýningarverkefna (101 umsókn) og Guðrún Erla Geirsdóttir verður í styrkflokki undirbúningsstyrkja og aðrir styrkir (64 umsóknir).

3. Íslensku myndlistarverðlaunin 2022

Rætt var um tilhögun á nýjum viðurkenningum sem myndlistarráð hefur nýverið samþykkt, *Áhugaverðasta endurlitið* og *Áhugaverðasta samsýningin*, og hvernig fyrirkomulag verði á því. Nú eru viðurkenningarnar orðnar fjórar og Klara mun senda á ráðsmenn skjal með skilgreiningum á þessum nýjum viðbætum íslensku myndlistarverðlaunanna eins og þær standa.

4. Önnur mál

Engin

Fundi slitið kl. 9:50